



**Fréttabréf maí 2005**

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri

## Skólakynningar

Á vordögum hafa foreldrar nemenda Heiðarskóla verið duglegir að heimsækja skólann. Bæði hafa foreldrar og forráðamenn væntanlegra nemenda í 1. bekk Heiðarskóla heimsótt skólann og foreldrar nemenda í 8. og 9. bekk komið á kynningar á valáföngum sem í boði eru næsta ár. Kennarar í skólanum hafa einnig verið duglegir að bjóða foreldrum að koma og sjá afrakstur vinnu vetrarins núna í lok skólaársins.



Foreldrar og nemendur í 8. bekk á kynningu á valgreinum næsta árs.



Foreldrar væntanlegra nemenda í 1. bekk skoða skólann.



Nemendur í 5. bekk MÓ sýna afrakstur vetrarvinnu sinnar á foreldraskemmtun.



Ein af lúðrasveitum Tónlistarskóla Reykjanesbæjar kom og spilaði með forskólanemendum í 2. bekk. Það var mikið fjör eins og sjá má á þessum myndum.



Elísa Sveinsdóttir og Elva Björk Sigurðardóttir tóku þátt í lokakeppni Stóru upplestrarkeppinnar fyrir hönd Heiðarskóla. Þær stóðu sig báðar mjög vel. Elísa Sveinsdóttir vann keppnina í ár. Við óskum þeim báðum til hamingju með árangurinn.

### Nemendur í 1. bekk fá hjálma

Á vordögum fengu allir nemendur í 1. bekk reiðhjólshjálma að gjöf. Kiwanis og Eimskip standa sameiginlega að gjöfinni og það voru Kiwanismenn ásamt lögreglunni sem afhentu börnunum hjálmana. Lögreglan fór yfir hvernig ætti að setja hjálmana á sig og hvenær ætti að nota þá.

### „Englaferð“ í 10. bekk



Eftir samræmdu prófin fóru nemendur í 10. bekk í vettvangsferð á söguslóðir skáldsögunnar „Englar alheimsins“ eftir Einar Mátí Guðmundsson. Eftir skoðunarferðina hittu nemendur höfund bókanna á Grillinu á Hótel Sögu.



Lögreglumaður sýnir nemendum réttu stillingarnar á hjálminum.

## Fjölskyldudagur foreldrafélagsins

Fjölskyldudagur Foreldrafélags Heiðarskóla var haldinn laugardaginn 21. maí. Boðið var m.a. upp á hoppu-kastala, reiðtúr á hestum og Go-kart bíla.



## Árshátíð Heiðarskóla



Árshátíð Heiðarskóla fór fram 18. apríl. Þar stigu á stökk allir nemendur skólans í 1. - 6. bekk og sýndu atriði. Einnig voru fjölmar-

gir nemendur í 7. - 10. bekk með stórt söng- og leikatriði með Stuðmannaívafi. Myndirnar hér að ofan eru frá þessum frábæra degi

en það kom greinilega í ljós að nemendur hafa lagt mikið á sig við að undirbúa atriðin.

## Sumarlestur

Að geta lesið og fá merkingu út úr lestrinum er undirstaða alls náms.

Lestrarfærni er því gífurlega mikilvæg fyrir skólagöngu barna sem og fyrir alla einstaklinga sem vilja vera virkir þátttakendur í samfélaginu.



Það er metnaðarmál hjá okkur í Heiðarskóla að efla og halda við lestrarfærni nemenda. Til að lesturinn verði markvissari og meira hvetjandi fá allir nemendur heim með sér eyðublað í sumarfríið. Í byrjun næsta skólaárs munu umsjónarkennarar taka við blaðinu og síðan fá nemendur viðurkenningar.

Með þessu viljum við í Heiðarskóla styrkja enn frekar hið metnaðarfulla verkefni Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar „Lestrarmenning í Reykjanesbæ“ og stuðla að því að allir sem að uppeldi barnanna komi hafi það viðhorf til lestrar að lestrarstund er gæðastund.

## Þemadagar 3. og 6. júní

Dagana 3. og 6. júní ætlum við að brjóta upp hefðbundið skólastarf hjá öllum bekkjum. Nemendur munu vinna saman í aldursblönduðum hópum að verkefnum sem kennarar og starfsfólk hafa undirbúið. Nemendur munu búa sér til sitt eigið land og ýmislegt sem tengist því eða kynna sér raunverulegt land og afla sér upplýsinga um það. Nemendur eru þannig að vinna að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast landinu þeirra eins og þjóðfánum, skjaldarmerki, þjóðdönsum og öðrum þjóðareinkennum. Þemadögunum lýkur svo formlega með skrudgöngu við upphaf Heiðarleikanna sem verða 7. júní. Heiðarleikarnir er útivistar- og íþróttadagur þar sem keppt er í óhefðbundnum greinum eins og stígvélakasti og möndluhráka.

Í fyrra var merki Heiðarleikanna notað fyrst en það byggir á hinu fræga Olympíumerki en form okkar merkis byggir á turnunum okkar þremur sem einkenna skólann og eru í daglegu tali kallaðir guli, rauði og blái turninn. Hinir tveir þríhyrningarnir standa síðan fyrir þau svæði sem standa utan turna eins og sérgreinastofur og stjórnumarrými.



# Skólaslit Heiðarskóla

**Fimmtudaginn 9. júní**, verða skólaslit Heiðarskóla haldin á sal skólans. Foreldrar og forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum. Útskrift 10. bekkinga verður með hefðbundnum hætti kl. 13:30 sama dag, sjá neðar á síðunni

## Nemendur mæti til skólaslita sem hér segir:

|           |                     |
|-----------|---------------------|
| Kl. 9:00  | 7., 8. og 9. bekkur |
| Kl. 10:00 | 4., 5. og 6. bekkur |
| Kl. 11:00 | 1., 2. og 3. bekkur |

## Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Heiðarskóla er kl. 13:30 fimmtudaginn 9. júní. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga ánægjulega stund í skólanum þennan síðasta skóladag þeirra í grunnskóla. **Boðið verður upp á kaffi, gos og meðlæti að loknum skólaslitum.**

## Þökkum samstarfið á liðnum vetri

Starfsfólk Heiðarskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir samstarfið á skólaárinu sem nú er að ljúka með ósk um að allir hafi það ánægjulegt á komandi sumri. **Skólasetning næsta haust er mánudaginn 22. ágúst** en nánari tímasetning verður auglýst í staðarblöðunum í ágúst. Sjáumst glöð og heil næsta haust.



Nemendur í 5. bekk fóru og heimsóttu Þjóðminjasafnið á dögnum. Krakkarnir fengu búninga við hæfi og fræðslu í tengslum við það námsefni sem þeir eru að vinna að í skólanum.

## Bekkjarmyndir 2004 - 2005

Nú í vor höfum við verið að taka myndir af öllum bekkjum. Myndirnar hafa verið settar í góðri upplausn á heimasíðu skólans. Þar geta foreldrar prentað myndirnar út eða sent þær með tölvupósti á þau fyrirtæki sem framkalla stafrænar myndir.

## Nemendur og foreldrar

Vinsamlega munið að skila bókum sem eru í eigu skólans!

Athugið einnig hvort að hjá ykkur leynist eldri bækur sem skólinn á og komið þeim líka til okkar!



Í apríl afhentu fulltrúar frá Hitaveitu Suðurnesja öllum nemendum skólans klukku að gjöf í tilefni af 30 ára afmæli Hitaveitunnar.



Nemendur í 3. bekk heimsóttu Mjólkursamsöluna og fengu fræðslu um starfsemina.

# Heiðarskóli

# Skólalagatal

2005 - 2006

Skertir nemendadagar  
 Starfsdagar - nemendur í frii  
 Veitrafri - allir í frii

| ÁGÚST                        | SEPTEMBER | OKTÓBER | NOVEMBER | DESEMBER | JANUAR | FEBRÚAR | MARS | APRIL | MAI  | JÚNÍ |
|------------------------------|-----------|---------|----------|----------|--------|---------|------|-------|------|------|
| 1 M Frídagur, verslunarmanna | 1 L       | 1 P     | 1 S      | 1 F      | 1 M    | 1 M     | 1 M  | 1 L   | 1 M  | 1 F  |
| 2 P                          | 2 S       | 2 M     | 2 M      | 2 F      | 2 F    | 2 F     | 2 F  | 2 S   | 2 P  | 2 F  |
| 3 M                          | 3 M       | 3 F     | 3 P      | 3 L      | 3 F    | 3 F     | 3 F  | 3 M   | 3 M  | 3 L  |
| 4 F                          | 4 S       | 4 F     | 4 M      | 4 S      | 4 L    | 4 L     | 4 L  | 4 P   | 4 F  | 4 S  |
| 5 F                          | 5 M       | 5 L     | 5 F      | 5 M      | 5 S    | 5 S     | 5 S  | 5 M   | 5 F  | 5 M  |
| 6 L                          | 6 P       | 6 S     | 6 F      | 6 P      | 6 M    | 6 M     | 6 M  | 6 F   | 6 L  | 6 P  |
| 7 S                          | 7 M       | 7 M     | 7 L      | 7 M      | 7 L    | 7 P     | 7 P  | 7 F   | 7 S  | 7 M  |
| 8 M                          | 8 F       | 8 L     | 8 S      | 8 F      | 8 S    | 8 M     | 8 M  | 8 L   | 8 M  | 8 F  |
| 9 P                          | 9 F       | 9 S     | 9 M      | 9 F      | 9 M    | 9 F     | 9 F  | 9 S   | 9 P  | 9 F  |
| 10 M                         | 10 L      | 10 M    | 10 P     | 10 L     | 10 P   | 10 F    | 10 F | 10 M  | 10 M | 10 L |
| 11 F                         | 11 S      | 11 P    | 11 M     | 11 S     | 11 M   | 11 L    | 11 L | 11 P  | 11 F | 11 S |
| 12 F                         | 12 M      | 12 L    | 12 F     | 12 M     | 12 F   | 12 S    | 12 S | 12 M  | 12 F | 12 M |
| 13 L                         | 13 P      | 13 S    | 13 F     | 13 P     | 13 F   | 13 M    | 13 M | 13 F  | 13 L | 13 P |
| 14 S                         | 14 M      | 14 M    | 14 L     | 14 M     | 14 L   | 14 P    | 14 P | 14 F  | 14 S | 14 M |
| 15 M                         | 15 F      | 15 P    | 15 S     | 15 F     | 15 S   | 15 M    | 15 M | 15 L  | 15 M | 15 F |
| 16 P                         | 16 F      | 16 M    | 16 M     | 16 F     | 16 M   | 16 F    | 16 F | 16 S  | 16 P | 16 F |
| 17 M                         | 17 L      | 17 F    | 17 P     | 17 L     | 17 F   | 17 F    | 17 F | 17 M  | 17 M | 17 L |
| 18 F                         | 18 S      | 18 P    | 18 M     | 18 S     | 18 M   | 18 L    | 18 L | 18 P  | 18 F | 18 S |
| 19 P                         | 19 M      | 19 M    | 19 L     | 19 M     | 19 F   | 19 S    | 19 S | 19 M  | 19 F | 19 M |
| 20 L                         | 20 P      | 20 F    | 20 S     | 20 P     | 20 F   | 20 M    | 20 M | 20 F  | 20 L | 20 P |
| 21 S                         | 21 M      | 21 F    | 21 M     | 21 M     | 21 L   | 21 P    | 21 P | 21 F  | 21 S | 21 M |
| 22 M                         | 22 F      | 22 L    | 22 M     | 22 F     | 22 S   | 22 M    | 22 M | 22 L  | 22 M | 22 F |
| 23 P                         | 23 F      | 23 S    | 23 M     | 23 F     | 23 M   | 23 F    | 23 F | 23 S  | 23 P | 23 F |
| 24 M                         | 24 L      | 24 M    | 24 F     | 24 L     | 24 P   | 24 F    | 24 F | 24 M  | 24 M | 24 L |
| 25 F                         | 25 S      | 25 P    | 25 F     | 25 S     | 25 M   | 25 L    | 25 L | 25 P  | 25 F | 25 S |
| 26 F                         | 26 M      | 26 M    | 26 L     | 26 M     | 26 F   | 26 S    | 26 S | 26 M  | 26 F | 26 M |
| 27 L                         | 27 P      | 27 F    | 27 S     | 27 P     | 27 F   | 27 M    | 27 M | 27 F  | 27 L | 27 P |
| 28 S                         | 28 M      | 28 F    | 28 M     | 28 M     | 28 L   | 28 P    | 28 P | 28 F  | 28 S | 28 M |
| 29 F                         | 29 P      | 29 L    | 29 P     | 29 F     | 29 S   | 29 M    | 29 M | 29 L  | 29 M | 29 F |
| 30 P                         | 30 F      | 30 S    | 30 M     | 30 F     | 30 M   | 30 F    | 30 F | 30 S  | 30 P | 30 F |
| 31 M                         |           | 31 M    | 31 P     | 31 L     | 31 P   | 31 F    | 31 F | 31 M  | 31 M |      |

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launafélagar sveitarfélaga skulu skólalagatal nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á skólalaginu eru fimm og skulu ákveðnir í samráði við kennara og með hlífðunum af kjarasamningum.